# FRÉTTABLAÐIÐ

110. TÖLUBLAÐ 18. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 11. MAÍ 2018


# Íbúum fjölgað um 39 prósent í aðdraganda kosninganna

„Málamyndaskráningar,“ segir í minnisblaði Árneshrepps, en íbúum fjölgaði um 39 prósent á tveimur vikum. Stærsta kosningamálið er Hvalárvirkjun.

**STJÓRNMÁL** Skráðum einstaklingum sem eiga lögheimili í Árneshreppi fjölgaði um 39 prósent á tveggja vikna tímabili, frá 24. apríl til 4. maí. Í minnisblaði sem unnið hefur verið fyrir Árneshrepp kemur fram að um sé að ræða málamyndaskráningar vegna sveitarstjórnarkosninga. Stærsta kosningamálið í hreppnum er fyrirhuguð bygging Hvalárvirkjunar, en hart hefur verið deilt um áformin.

Árneshreppur hefur gert Sambandi íslenskra sveitarfélaga viðvart og Þjóðskrá Íslands mun tilkynna innanríkisráðuneytinu um málið, að því er fram kemur í minnisblaðinu sem Sókn lögmannsstofa gerði fyrir Árneshrepp. Málið sé litið alvarlegum augum, enda varði það bæði röskun á grundvallarreglum um lýðræði og geti varðað við lög.

Í lögum um kosningar til sveitarstjórna kemur meðal annars fram að það teljist til kosningaspjalla að gefa upp villandi upplýsingar um búsetu, sem leitt geti til þess að maður verði settur á kjörskrá sem ekki á rétt á að vera þar. Í minnisblaðinu er einnig bent á að samkvæmt hegningarlögum geti tveggja ára fangelsi legið við því að afla sér eða öðrum ólöglega færis á að taka þátt í atkvæðagreiðslu.

Fyrir 24. apríl voru 44 skráðir með lögheimili í Árneshreppi. Sautján skráðu lögheimili sitt í hreppnum á umræddu tveggja vikna tímabili.

> **Aðrir eins lögheimilisflutningar eru líklega einsdæmi, hlutfallslega.**
>
> Úr minnisblaði sem unnið var fyrir Árneshrepp

„Aðrir eins lögheimilisflutningar eru líklega einsdæmi, hlutfallslega,“ segir í minnisblaðinu.

Fram kemur að Þjóðskrá hafi að eigin frumkvæði ákveðið að endurupptaka afgreiðslu lögheimilisskráninga þessara einstaklinga. Réttmæti skráninganna ráðist væntanlega af því hvort föst búseta þessara einstaklinga hafi raunverulega breyst fyrir 4. maí síðastliðinn. Málið mun vera í flýtimeðferð hjá Þjóðskrá en í minnisblaðinu er stungið upp á því að hreppsnefndarfundur verði boðaður þegar stofnunin hafi fjallað um málin. „Miðað við það þarf hreppsnefnd að fella aðila út af kjörskrá til samræmis við ákvarðanir Þjóðskrár Íslands.“

Meirihluti hreppsnefndar er fylgjandi virkjunaráformum. **– bg**



**Vætutíð fram undan** Rigning var víða um land í gær, sem kom ekki að sök í tilviki þessarar konu sem var við öllu búin. Líkur eru á áframhaldandi rigningarveðri um sunnan- og suðaustanvert landið í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

## Lágmark sem ljósmæður sættust á

**KJARAMÁL** Meðalhækkun fyrir verk samkvæmt nýjum rammasamningi sjálfstætt starfandi ljósmæðra í heimaþjónustu við Sjúkratryggingar er 16,5 prósent. Algengustu liðirnir hækka um sem nemur rúmum tíu prósentum.

Samkvæmt samkomulaginu hækkar einingaverð um 4,4 prósent úr 283,5 krónum á einingu upp í 296 krónur. Fyrir hverja vitjun fá ljósmæðurnar greitt ákveðið margar einingar en þær eru mismunandi eftir því hvort um heima- eða keisarafæðingu er að ræða eða eftir því í hvaða heilsufarsflokk sængurkonan fellur. Einingum fyrir hvert verk var fjölgað með samkomulaginu.

„Við þurfum að vinna ansi mikið til að vera með einhver laun. Þessi breyting nú var aðeins það lágmark sem við gátum sætt okkur við,“ segir Arney Þórarinsdóttir, sjálfstætt starfandi ljósmóðir. **– jóe /** **sjá síðu 4**

## HM-hópurinn tilkynntur í dag

**FÓTBOLTI** Heimir Hallgrímsson og þjálfarateymi íslenska karlalandsliðsins í knattspyrnu tilkynna í dag 23 manna leikmannahópinn sem fer á Heimsmeistaramótið í Rússlandi. Tveir mikilvægustu leikmenn Íslands, Gylfi Þór Sigurðsson og Aron Einar Gunnarsson, eru meiddir en ættu að vera klárir í slaginn þegar flautað verður til leiks í Rússlandi.



Aron Einar Gunnarsson.

Við veltum fyrir okkur hvaða nöfn verða í flugvélinni sem ferðast til Rússlands. Hvaða leikmenn eru öruggir með sæti sitt, hverjir eiga enn tækifæri og hverjir þurfa að bíta í það súra epli fá ekki farmiða til Rússlands. **– iþs, kpt**

### Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um páfagaukalærdóm. 11

**SPORT** Guðrún Brá segir að það sé öðruvísi pressa sem fylgi lífi atvinnukylfings. 15

**LÍFIÐ** Tony Adams sendir kveðju í bol frá Einstök. 28

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





Vinningar í hverri viku - Happdrætti DAS

Meira en milljarður í vinningum ár hvert

Það eru 1000 milljónir!

Nýtt happdrættisár hefst í maí

• Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða

• Drögum út meira en 51 þúsund vinninga á árinu

Kauptu miða á das.is eða í síma 561 77 57

HAPPDRÆTTI das

## Veður




Austlæg átt, 5-13 á morgun. Rigning um landið sunnanvert, einkum á Suðausturlandi en yfirleitt þurrt annars staðar. Úrkomulítið annað kvöld. Hiti 5 til 12 stig, svalast NV-til.

SJÁ SÍÐU 18

# Trump og Kim Jong-un hittast í Singapúr

**NORÐUR-KÓREA** Búið er að ákveða stað og stund fundar Donalds Trump Bandaríkjaforseta og Kim Jong-un, leiðtoga Norður Kóreu. Þetta tilkynnti Trump í Twitter-færslu í gær

Fundurinn mun fara fram þann 12. júní í Singapúr. Aldrei áður hefur sitjandi forseti Bandaríkjanna átt fund með leiðtoga Norður-Kóreu.

„Við munum báðir reyna að láta þetta vera stóra stund fyrir heimsfrið!“ sagði Trump í tísti sínu í gær. Stutt er síðan leiðtogarnir tveir skiptust á móðgunum og hótunum svo það kom mörgum í opna skjöldu þegar Trump tilkynnti fyrr á árinu að þeir ætluðu að setjast niður og ræða málin.

Búist er við aðalumræðuefni fundarins verði kjarnorku- og eldflaugaáætlun Norður-Kóreu sem er rót illdeilnanna sem leiðtogarnir áttu í á síðasta ári. Frá árinu 2006 hefur Norður-Kórea gert sex kjarnorkutilraunir en í apríl tilkynnti Kim að þeim yrði nú hætt.

Líklegt þykir að Kim muni ræða viðveru bandarískra hermanna í Suður-Kóreu við Trump sem og viðskiptaþvinganir sem eru að gera út af við efnahag Norður Kóreu. **– gþs**

# Hergögn til Guðlaugs Þórs

**STJÓRNSÝSLA** Flutningur hergagna og annars varnings samkvæmt loftferðalögum hefur verið settur undir málefnasvið utanríkisráðherra með nýjum forsetaúrskurði.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir, þingmaður VG, beindi skýrslubeiðni til utanríkisráðherra um það hvernig staðið var að flutningi hergagna um Ísland. Ríkisstjórnin taldi rétt að senda beiðnina samgönguráðherra.

Nú hafa öll tvímæli verið tekin af um að málefnið heyrir undir utanríkisráðherra. **– jóe**

# Mitt eigið Everest



Vilborg Arna Gissurardóttir, Everest-farinn frækni, leiddi barnagöngu á Úlfarsfell undir slagorðinu „Mitt eigið Everest“. Um tvö hundruð börn og foreldrar þeirra fylgdu Vilborgu alla leið upp á topp og létu rigningarveður ekki aftra för. Gangan var hluti af sérstökum útivistardegi sem er liður í fjáröflun fyrir skólagöngu stúlkna í Nepal. Íslandsdeild samtakanna Empower Nepali Girls stendur að fjáröfluninni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Dæmd til dauða fyrir að myrða nauðgarann

**SÚDAN** Noura Hussein, nítján ára súdönsk kona, hefur verið dæmd til dauða fyrir að stinga til bana mann sem hún var þvinguð til að giftast. Áður en til hjónabands kom hafði maðurinn nauðgað henni.

Þetta er niðurstaða dómstóls í Omdurman. Fallist var á dauðarefsingu Hussein eftir að fjölskylda hins látna féllst ekki á að hún myndi greiða bætur fyrir víg hans. Fjölskyldan var viðstödd dómsuppkvaðninguna.

Hussein var þvinguð í hjónaband þegar hún var sextán ára. Eftir að hafa neitað í sex daga að leggjast með eiginmanni sínum var hún þvinguð til samræðis. Ættingjar eiginmanns hennar héldu henni fastri meðan hann þvingaði vilja sinn fram.

Verjendur Hussein hafa fimmtán daga til að áfrýja. **– jóe**

# Rannís réð til starfa afbrotafræðing í gríni

Tilkynnt var um ráðningu afbrotafræðings hjá Rannís án auglýsingar. Starfsmenn vildu kæra „furðulega“ ráðningu. Fljótlega kom í ljós að allt var í plati, en nýi liðsaukinn olli þó uppþoti á árshátíðinni áður en upp komst um allt saman.

**SAMFÉLAG** Talsvert uppnám varð meðal starfsmanna Rannís, Rannsóknamiðstöðvar Íslands, í síðustu viku þegar tilkynnt var um að afbrotafræðingur hefði verið ráðinn þar til starfa. Þótti það sæta furðu að afbrotafræðing þyrfti inn á stofnunina auk þess sem ráðningin var án auglýsingar og fyrirhugað var að ráðningin yrði kærð í þessari viku.

Hlutverk Rannís er að veita stuðning við rannsóknir og nýsköpun, menntun, menningu og listir, æskulýðsstarf og íþróttir.

Nýi starfsmaðurinn var kynntur til leiks á miðvikudag og fólk upplýst um að hún tæki við starfi sérfræðings á mennta- og menningarsviði, væri menntaður afbrotafræðingur, en hefði annars enga reynslu á þessu sviði. Hinn nýráðni afbrotafræðingur hefði aðeins starfað á sambýlum í gegnum tíðina. Konan mætti svo til vinnu á fimmtudaginn þar sem hún fékk að kynnast starfsemi rannsóknarmiðstöðvarinnar og starfsfólki.

„Það verður að segjast eins og er að fólki þótti þessi ráðning mjög furðuleg,“ segir Auður Bergþórsdóttir, sérfræðingur hjá Rannís.

Það bætti svo gráu ofan á svart þegar starfsmaðurinn mætti á árshátíð stofnunarinnar á miðvikudaginn svo eftir var tekið.

„Hún mætti þarna með manninum sínum og þau bæði voru með leiðindi og vesen. Þau urðu bæði ölvaðri og ölvaðri eftir því sem leið á kvöldið,“ útskýrir Auður og heldur áfram. „Þau duttu þarna um borð og stóla og hoppuðu stöðugt inn á myndir hjá fólki, svo fátt eitt sé nefnt,“ segir Auður, en hegðunin kom Auði hins vegar ekki í opna skjöldu líkt og flestum gestum árshátíðarinnar.

„Hjónin eru leikarar sem voru til í að taka þátt í þessu með okkur. Veislustjórinn tilkynnti um að konan væri ekki að koma til starfa hjá okkur og allir hlógu og tóku mjög vel í þetta,“ segir Auður.

„Og fólk var ekki síst mjög ánægt með að ekkert hafi orðið af þessari ráðningu,“ segir Auður hlæjandi. **sunnak@frettabladid.is**




Árshátíð Rannís var skrautleg þetta árið, enda nýráðinn starfsmaður sem stal senunni með ölvun og leiðinlegum kærasta. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Hún mætti þarna með manninum sínum og þau bæði voru með leiðindi og vesen, og urðu ölvaðri og ölvaðri eftir því sem leið á kvöldið.
>
> Auður Bergþórsdóttir, sérfræðingur hjá Rannís



Eurovision TILBOÐ Grillbúðin




Niðurfellanleg hliðarborð

Frá Þýskalandi LANDMANN. Your World of BBQ

Verð áður 79.900

67.900

POWER THERMAL SPREADING SYSTEM PTS

- Afl 10,5 KW
- 3 brennarar
- Brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- PTS hitajöfnunarkerfi
- Kveikja í öllum tökkum
- Tvöfalt einangrað lok
- Stór posulínshúðuð efri grind
- Hitamælir
- Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
- Grillflötur 65 x 44 cm

Vönduð yfirbreiðsla að verðmæti kr. 6.990 fylgir

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400




**Á morgun, laugardag 12. maí kl. 11–15**
bjóðum við öllum Toyota-eigendum að koma með bílana sína í sápuþvott hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

**Engin vandamál – bara lausnir.**

**Við sápuþvoum bílana að utan – grill, gos og sumarglaðningur fyrir börn og fullorðna.**

| | | |
|---|---|---|
| Toyota Kauptúni | Kauptúni 6 | Garðabæ |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | Akureyri |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | Selfossi |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | Reykjanesbæ |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | Reykjavík |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | Reykjanesbæ |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | Sauðárkróki |
| Nethamar | Garðavegi 15 | Vestmannaeyjum |

# Ekkert lát á ósamlyndi í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

**HAFNARFJÖRÐUR** Klofningurinn í Bjartri framtíð í Hafnarfirði er enn til umræðu í bæjarstjórn og eru hávaðafundir í bæjarstjórn orðnir regla frekar en undantekning.

Fyrrverandi bæjarfulltrúar Bjartrar framtíðar, sem eru í meirihlutasamstarfi með Sjálfstæðisflokki, sögðu sig úr flokknum fyrr í vor og eru þeir í hringiðu átakanna. Annars vegar vegna umdeilds veikindaleyfis Guðlaugar Kristjánsdóttur og snögglegrar endurkomu, með tilheyrandi brotthvarfi varamannsins Borghildar Sturludóttur, en milli þeirra tveggja eru litlir kærleikar. Hins vegar vegna kjörgengis hins bæjarfulltrúa Bjartrar framtíðar, Einars Birkis Einarssonar, sem er fluttur úr bænum og býr í Kópavogi. Deilurnar náðu hámarki þegar Borghildi var vikið úr skipulags- og byggingaráði bæjarins í síðasta mánuði líkt og Fréttablaðið greindi frá.

Borghildur vísaði þessum ágreiningsmálum til ráðuneytis sveitarstjórnarmála og hefur ráðuneytið nú óskað skýringa frá bæjarstjórn.

Á hávaðafundi bæjarstjórnar fyrr í vikunni var svarbréf til ráðuneytisins afgreitt en þó þannig að meirihluti bæjarstjórnar klofnaði. Þrír samþykktu svarbréfið en sex sátu hjá, þar á meðal þrír Sjálfstæðismenn.

Í svarbréfinu segir meðal annars að forföll Guðlaugar hafi fyrir mistök aldrei komið formlega til afgreiðslu í bæjarstjórn, heldur einungis bókun um að varamaðurinn Borghildur taki sæti í bæjarstjórn í fjarveru Guðlaugar. Þar af leiðandi



**Guðlaug Kristjánsdóttir, bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar í Hafnarfirði.**

hafi ekki formlega verið um veikindaleyfi að ræða og Guðlaug því getað komið fyrirvaralaust til baka. Í svarinu er vísað til yfirlýsingar Guðlaugar sem fer afar gagnrýnum orðum um fyrrverandi félaga sína í Bjartri framtíð og hefur þeim orðum verið svarað með yfirlýsingu frá Borghildi og Pétri Óskarssyni, félaga Borghildar í Bjartri framtíð, sem vísa gagnrýni Guðlaugar til föðurhúsanna og segja stopul og erfið samskipti fyrst og fremst mega rekja til fjarveru Einars Birkis eftir að hann flutti úr bænum og frumkvæðisleysis Guðlaugar sem oddvita bæjarmálahóps flokksins.

Ekki liggur fyrir hvenær ráðuneytið tekur afstöðu til þessara ágreiningsefna. **– aá**



**Af vettvangi slyssins.** MYND/SPÖLUR

## Slys í göngunum

**SLYS** Hvalfjarðargöngunum var lokað um stund í gær vegna áreksturs. Orsök árekstursins var að bifreið var ekið niður göngin úr norðri á vitlausri akrein.

Ein akrein er í göngunum fyrir ökumenn sem eru á suðurleið. Tvær akreinar eru aftur á móti við norðurenda þeirra fyrir þá sem eru að koma úr suðri. Þetta vafðist fyrir ökumanni í gær sem ók gegn akstursstefnu á miðreininni og lenti þar framan á sendibifreið. Ökumenn sakaði ekki.

Laust eftir klukkan sex í gærkvöld var slökkvilið kallað til eftir að eldur kom upp í bifreið við norðurenda ganganna. Bifreiðin ofhitnaði með fyrrgreindum afleiðingum. Fernt var í bílnum og komust þau úr honum án meiðsla. Bifreiðin varð alelda og er ónýt. **– jóe**

## Byrja að sekta næsta þriðjudag

**SAMGÖNGUR** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mun hefja að sekta fyrir notkun nagladekkja frá og með þriðjudeginum 15. maí næstkomandi. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Sektatímabilið er mánuði seinna á ferðinni þetta árið en vant er en ástæðan fyrir því er hret sem gerði í lok apríl.

Í tilkynningu lögreglunnar er minnt á að sektir fyrir notkun nagladekkja fjórfölduðust um síðustu mánaðamót. Ökumenn negldra bíla eiga því von á 20 þúsund króna sekt á hvern hjólbarða í stað 5 þúsund króna áður. **– jóe**

# Meðalhækkun sjálfstæðra ljósmæðra var 16,5 prósent

Rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands við sjálfstætt starfandi ljósmæður var nýlega birtur. Um lágmarkshækkun var að ræða segir aðili að samningnum. Ljósmæður þurfi að vinna ansi mikið til að vera með einhver laun. Stærstur hluti ljósmæðra sem starfa samkvæmt samningnum gerir það samhliða öðru.

**KJARAMÁL** Meðalhækkun fyrir verk samkvæmt nýjum rammasamningi sjálfstætt starfandi ljósmæðra í heimaþjónustu við Sjúkratryggingar Íslands (SÍ) er 16,5 prósent. Algengustu liðirnir samkvæmt samningnum hækka um sem nemur rúmum tíu prósentum.

Sjálfstætt starfandi ljósmæður lögðu niður störf þann 23. apríl en samningur þeirra við SÍ hafði runnið út í febrúar. Samkomulag náðist þann 27. apríl en það var nýlega birt á heimasíðu SÍ.

Samkvæmt samkomulaginu hækkar einingaverð um 4,4 prósent úr 283,5 krónum á einingu upp í 296 krónur. Fyrir hverja vitjun fá ljósmæðurnar greitt ákveðið margar einingar en þær eru mismunandi eftir því hvort um heima- eða keisarafæðingu er að ræða eða eftir því í hvaða heilsufarsflokk sængurkonan fellur hverju sinni. Fyrir vitjun nú fást 10 þúsund krónur hið minnsta. Á samningnum er einnig að finna lið fyrir heimafæðingar en langflestar einingar fást fyrir slíka þjónustu.

„Fyrir hverja vitjun er áætluð um tveggja tíma vinna. Hver vitjun tekur frá klukkustund og upp í tvær og síðan fylgir pappírsvinna, skil á blóðprufum, akstur og ýmislegt tilfallandi,“ segir Arney Þórarinsdóttir, sjálfstætt starfandi ljósmóðir.

115 ljósmæður eru aðilar að rammasamningnum. Samkvæmt svari SÍ við fyrirspurn Fréttablaðsins eru virkustu ljósmæðurnar að fara í um tvær vitjanir dag hvern og meðalfjöldi eininga á síðasta ári var 7.017. Umreiknað yfir í krónur nam það tæpum tveimur milljónum

## Ljósmæður, heildarupphæð á ársgrundvelli

Tekjudreifing ljósmæðra á rammasamningnum tímabilið febrúar 2017 til janúar 2018




samkvæmt eldri samningi en tæpri 2,1 milljón með hinu nýja.

Stór hluti þeirra sem starfa á samningnum eru einnig í öðru starfi, ýmist á LSH, heilsugæslum eða í mæðravernd. Slíkt endurspeglast mjög í dreifingu á einingafjölda þeirra. Þær fjörutíu ljósmæður sem unnu sér inn fæstar einingar fengu allar minna en milljón krónur fyrir síðasta ár. Hæst launaða ljósmóðir rammasamningsins fékk aftur á móti tæpar níu milljónir.

„Við erum flestar einyrkjar. Um verktakagreiðslur er að ræða en þjónustan er ekki virðisaukaskattskyld. Reiknað endurgjald er á að giska tæplega sjötíu prósent af heildarupphæðinni og af því fer

> Þessi breyting nú var aðeins það lágmark sem við gátum sætt okkur við. Vonandi verður meiri breyting á samningnum næst.
>
> Arney Þórarinsdóttir, sjálfsætt starfandi ljósmóðir

hluti í skatta, lífeyrissjóð og félagsgjöld. Það er því ekki mikið sem eftir stendur,“ segir Arney.

Þá segir Arney algengt að ýmislegu sé bætt við þjónustu þeirra sem ekki er greitt fyrir samkvæmt samningnum. Sem dæmi um slíkt nefnir hún blóðprufur en ekki fáist greitt fyrir þær. Akstur í og úr vitjun fæst almennt ekki greiddur og þá þarf einnig að aka blóðprufum úr vitjun og á spítala til rannsóknar.

„Við þurfum að vinna ansi mikið til að vera með einhver laun. Þessi breyting nú var aðeins það lágmark sem við gátum sætt okkur við. Vonandi verður meiri breyting á samningnum næst,“ segir Arney.

**joli@frettabladid.is**




# Ráðherrar Norðurlandanna sameinast gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi

**STJÓRNMÁL** Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, undirritaði í gær sameiginlega yfirlýsingu um aðgerðir vegna #metoo-byltingarinnar, ásamt öðrum menningarmálaráðherrum Norðurlanda. Lilja er stödd á fundi þeirra í Malmö í Svíþjóð og greindi meðal annars frá aðgerðum íslenskra stjórnvalda í kjölfar frásagna kvenna af kynferðislegri áreitni og ofbeldi á fundinum.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að norræna upplýsingaveitan um kynjafræði hafi kortlagt lagaumhverfi kynferðislegrar áreitni og vernd gegn henni í atvinnulífinu. Í grunninn sé viðfangsefnið einfalt; kynferðisleg áreitni sé ólögleg og hvarvetna á Norðurlöndum hvíli sú skylda á vinnuveitendum að koma í

> Norrænu menningarmálaráðherrarnir eru ákveðnir í að stuðla að breytingum í þessum efnum.
>
> Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra



veg fyrir og bregðast við kynferðislegri áreitni. Löggjöf Norðurlanda sé skýr en ljóst sé að eftirfylgni með lögunum hafi víða verið ábótavant.

„Norrænu menningarmálaráðherrarnir eru ákveðnir í að stuðla að breytingum í þessum efnum. Jafnrétti er ein af forsendunum þeirrar velgengni sem Norðurlöndin njóta og við í norrænu ráðherranefndinni um menningarmál tökum mið af jafnréttissjónarmiðum í öllu okkar starfi. Ég er þeirrar skoðunar að við getum dregið lærdóm hvert af öðru og yfirlýsingin er liður í að auka samstarf á þessu sviði,“ segir Lilja.

Á fundinum samþykktu ráðherrarnir að fela skrifstofu ráðherranefndarinnar að undirbúa áframhaldandi aðgerðir sem feli meðal annars í sér vernd gegn kynferðislegri áreitni og ofbeldi og aukið öryggi á starfsvettvangi menningar, íþrótta og fjölmiðla. **– ósk**

LAND ROVER

# KOMDU OG REYNSLU-AKTU NÝJUM LAND ROVER Í DAG

LAND ROVER
ABOVE & BEYOND

landrover.is




Búnaður bíls á mynd er frábrugðinn búnaði bíls á auglýstu verði

## DISCOVERY SPORT SE

Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni dísilvél, upphitaðri framrúðu, nýrri 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

DISCOVERY SPORT SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 6.890.000 kr.

## RANGE ROVER EVOQUE SE

Nýr Range Rover Evoque er hlaðinn mögnuðum nýjungum sem fullkomna útlit þessa einstaka sportjeppa. Nýja 2,0 lítra INGENIUM dísilvélin í Evoque er sparneytnari og hefur að sama skapi 17% minni $CO_2$ útblástur.

RANGE ROVER EVOQUE SE DÍSIL SJÁLFSKIPTUR. VERÐ FRÁ: 6.890.000 kr.

ENNEMM / SÍA / NM87610

**LAND ROVER**
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR



Berkley sést hér gæða sér á ísnum.

# Ákærð fyrir að gefa birni ís

**KANADA** Eigendur dýragarðs í Alberta í Kanada hafa verið ákærðir fyrir brot gegn dýraverndarlögum fyrir að hafa farið með skógarbjörn í ísbúð.

Það vakti athygli á samfélagsmiðlum ytra þegar myndband birtist í janúar á veraldarvefnum þar sem björninn Berkley gæddi sér á ís í framsæti bifreiðar. Ekið hafði verið með hann að Dairy Queen verslun þar sem afgreiðslumaður mataði hann með skeið út um bílalúgu.

> **Skilaboð myndbandsins eru að það sé ekki rétt að stoppa til að mynda birni eða gefa þeim.**
>
> Doug Bos, eigandi dýragarðsins

Málið var tekið til rannsóknar eftir að myndbandið birtist. Sú rannsókn leiddi einnig í ljós að starfsmenn dýragarðsins fóru með Berkley úr garðinum eftir lokum og gáfu honum pela utan hans.

Brotin sem ákært er fyrir varða annars vegar þessa háttsemi, en skylt er að tilkynna dýraeftirlitinu ef farið er með dýr úr dýragörðum, og hins vegar fyrir að aka með hann í ísbúðina.

„Hugmyndin með myndbandinu var forvarnarstarf. Margir stoppa á vegum landsins til að taka myndir af björnum og koma sér þannig í hættu. Skilaboð myndbandsins eru að það sé ekki rétt að stoppa til að mynda birni eða gefa þeim að éta,“ sagði Doug Bos, eigandi dýragarðsins, þegar málið komst í hámæli í upphafi árs. **– jóe**

## Haldið í hefðirnar


Nautaatstímabilið er hafið á Spáni en í gær fór San Idriso hátíðin fram á hinum sögufræga Las Ventas leikvangi í Madríd. Nautabaninn Cesar Fernandez sést hér liggja sár eftir að nautið kom höggi á hann. Hefðin, sem er aldagömul, hefur sætt mikilli gagnrýni undanfarið á Spáni. Tvö ár eru síðan Victor Barrio týndi lífi í hringnum eftir að naut stangaði hann ítrekað í brjóstið. Var það fyrsta dauðsfall nautabana í áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**Aðalsafnaðarfundur**
**Lágafellssóknar Mosfellsbæ**



Verður þriðjudaginn 22. maí kl. 20:00
í safnaðarheimili kirkjunnar að Þverholti 3

Venjuleg aðalsafnaðarfundarstörf

*Lágafellssókn*




# Skattaundanskotin hleyptu lífi í umræður

**Framkvæmdastjóra SI fannst ummæli Lífar Magneudóttur um skattaundanskot vegna Airbnb „áhugaverð“. Líf sagði um smápeninga að ræða. Hún segist hafa talað fjálglega, en ekki af vanvirðingu líkt og framkvæmdastjórinn vill meina.**

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR **2018**

Orð forseta borgarstjórnar, Lífar Magneudóttur, um skattalagabrot vegna heimagistingar sem hún lét falla á fundinum Leiðtogaumræður í Reykjavík vöktu athygli í vikunni og sitt sýndist hverjum. Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins og einn af spyrlum fundarins, sagði ummælin áhugaverð.

„Ég held að við séum öll mjög löghlýðin og ég held líka að þeir sem eru að leigja út á Airbnb vilji vera löghlýðnir og ríkisskattstjóri nennir eðlilega ekki að eltast við þetta,“ sagði Líf á fundinum auk þess sem hún sagði að um smápeninga væri að ræða og að það væru stærri fiskar sem skattayfirvöld hefðu að við að eltast.

„Henni fannst þetta vera eitthvað smámál sem engu máli skiptir,“ segir Sigurður um ummælin og bætir við „Hún var að ranghvolfa í sér augunum þegar aðrir voru að tala.“ Aðspurður um hvort Líf hafi þannig sýnt öðrum á fundinum vanvirðingu segir Sigurður: „Það var allavega upplifun okkar fundarmanna eftir fundinn.“

Líf segist í samtali við Fréttablaðið mögulega hafa brosað út í annað en veit að öðru leyti ekki um hvað Sigurður er að tala, sjálfur hafi hann átt það til að grípa fram í fyrir fundarmönnum.

Varðandi ummælin um Airbnb segir Líf þau hafa verið óheppileg. „Ég talaði fjálglega. Málið er að ríkisskatturinn hefur ekki starfsfólk til að elta einstaka ólöglega starfsemi á Airbnb. Þetta eru ótrúlega miklir peningar sem við verðum að fá inn í hagkerfið.“

Sigurður minnist einnig á ummæli Lífar um húsnæðis- og skipulagsmál. „Það var mjög áhugavert að heyra fulltrúa VG segja að umræður um þetta mál væru þreytandi og leiðinlegar. Ég held að fólki þætti það mjög leiðinlegt ef það gæti ekki eignast þak yfir höfuðið,“ segir Sigurður

Líf bendir á að hún hafi verið að vísa í umræður um lóðir og úthlutanir þeirra í þessu samhengi. „Mér finnst umræðan festast svo mikið í þessu. Við getum ekki bara tengt hana við einhvern lóðaskort. Það tekur tíma að búa til nútímalega borg. Það er rask og óþægindi sem fylgja því og svo er það búið,“ segir Líf sem vísar þar til þéttingar byggðar sem er að hennar mati einkenni borgarskipulags 21. aldar.

**gretarthor@frettabladid.is**


**Líf Magneudóttir, forseti borgarstjórnar, og Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri SI.**


SUZUKI
Way of Life!
SUZUKI SWIFT
BÍLL ÁRSINS
Í FLOKKI SMÆRRI FÓLKSBÍLA
KOMDU
OG PRUFAÐU
SWIFT
HANN FÆR ÞIG TIL AÐ
BROSA
SWIFT
2018
RJC
Automotive Researchers' & Journalists' Conference of Japan
CAR OF THE YEAR
BANDALAG ÍSLENSKRA
BÍLL
ÁRSINS
2018
BÍLABLAÐAMANNA
VERÐ FRÁ KR.
2.160.000
KÍKTU VIÐ OG KYNNTU ÞÉR MARGVERÐLAUNAÐANN
SUZUKI SWIFT.
SUZUKI SWIFT ER FÁANLEGUR SJÁLFSKIPTUR, BEINSKIPTUR OG FJÓRHJÓLADRIFINN.
FLUTT MEÐ
EIMSKIP
SUZUKI
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
Suzuki bílar hf. I Skeifunni 17 I Sími 568 5100



**Matteo Salvini í Norðurbandalaginu kemur úr kjörklefa í síðustu kosningum í mars.** NORDICPHOTOS/AFP

## Popúlistar á Ítalíu nálgast samkomulag

**ÍTALÍA** Fimm stjörnu hreyfingin og Norðurbandalagið nálgast það að mynda ríkisstjórn á Ítalíu. Tveir mánuðir eru síðan kosið var á Ítalíu og takist flokkunum að mynda ríkisstjórn kemur það í veg fyrir áframhaldandi stjórnarkreppu og möguleikann á öðrum kosningum.

Sergio Mattarella, forseti Ítalíu, hafði gefið leiðtogum hreyfinganna frest til dagsins í gær með ríkisstjórnarmyndunina en hefur nú framlengt frestinn fram á sunnudag.

Forsetinn sagði nýlega í ræðu að leiðtogar flokkanna ættu að forðast það að mynda ríkisstjórn í andstöðu við Evrópusambandið. Hann sagði að það yrðu mistök og mælti gegn því „að horfa til 19. aldar lausna til að leysa vandamál 21. aldarinnar“.

Óvíst er hvort Mattarella fær það uppfyllt því báðir þessir flokkar eru andsnúnir komu flóttamanna til Ítalíu og á móti Evrópusambandinu. **– gþs**

# Skiptast á árásum í Sýrlandi

**Ísraelar svöruðu misheppnaðri árás Írana með sinni mestu árás í Sýrlandi frá upphafi stríðsins þar í landi. Hvorug þjóðin virðist hafa áhuga á meiri átökum en búa sig þó undir hvaða atburðarás sem kann að verða.**

**SÝRLAND** Ísraelsher gerði í gær sína stærstu árás í Sýrlandi frá því að stríðið þar í landi hófst árið 2011. Ísraelar segja að árásin hafi náð til nærri allra hernaðarinnviða Írana í Sýrlandi. Sýrlenski herinn segir að þrír hafi fallið í árásinni og tveir særst en sýrlenska mannréttindavaktin segir tölu látinna vera 23.

Árásin kemur í kjölfar þess að 20 flugskeytum var skotið að hernaðarastöðvu Ísraela á Gólanhæðum í Sýrlandi. Sú árás bar ekki tilætlaðan árangur. Að sögn Ísraelshers var flugskeytunum annaðhvort grandað af loftvernarkerfi hersins eða þau náðu ekki skotmörkum sínum og árásin olli hvorki mannfalli né tjóni.

Flugskeyti Írana voru þau fyrstu sem herinn skýtur að landsvæði sem er undir yfirráðum Ísraela en Ísraelar hrifsuðu svæði á Gólanhæðum af Sýrlendingum í sex daga stríðinu árið 1967. Þrátt fyrir að árás Írana hafi ekki borið tilætlaðan árangur tekur Ísraelsher árásina mjög alvarlega líkt og sést af gagnárásinni.



**Mikill viðbúnaður er í bækistöðvum Ísraela í Gólanhæðum nærri landamærum Ísraels og Sýrlands.** NORDICPHOTOS/GETTY

Haft er eftir Jonathan Conricus, ofursta og talsmanni ísraelska hersins, að í árás Ísraela hafi orrustuþotur varpað sprengjum á um 70 skotmörk og valdið verulegu tjóni. Skotmörkin hafi verið margvíslegar bækistöðvar Írana, ratsjárstöðvar, vopnabúr og birgðastöðvar.

„Þeir verða að muna að ef það koma dropar hér [í Ísrael] þá verður úrhelli þar,“ sagði Avigdor Lieberman, varnarmálaráðherra Ísraels, um málið á blaðamannafundi. Lieberman lagði áherslu á að Ísraelar hefðu engan áhuga á að málið mundi þróast í átt til meiri átaka en þeir þyrftu að vera búnir undir hvaða aðstæður sem kynnu að koma upp. „Ég vona að þessum kafla sé lokið og að allir hafi móttekið skilaboðin.“

Ísraelar óttast að Íranar og Hezbollah-samtökin séu að mynda nýja framlínu gegn Ísrael í Sýrlandi. Allt frá því að klerkaveldi komst á í Íran í kjölfar byltingarinnar þar í landi árið 1979 hafa Íranar litið svo á að Ísraelar hafi ekki rétt til að búa á landi sem „hafi verið tekið af múslimum með ólögmætum hætti“. Af þeim sökum líta Ísraelar á alla útþenslu Írana í löndunum í kring um sig alvarlegum augum.

Benjamin Netanyahu, forsætisráðherra Ísraels, sagði fyrr í vikunni að liðsmenn Byltingarvarðliðsins í Íran hafi flutt þróuð vopn til Sýrlands sem gætu ógnað ísraelskum orrustuþotum. Þá hefur málflutningur forsætisráðherrans gegn Íranssamningnum sem Donald Trump tilkynnti að Bandaríkin mundi rifta af þeirra hálfu á þriðjudag aukið togstreituna milli Ísraels og Írans. **gretarthor@frettabladid.is**




# Vinnur þú ferð á Argentínuleikinn?




**Komdu og kynntu þér vegleg HM tilboð á nýjum Hyundai**

**5 ÁRA ÁBYRGÐ**
**ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR**




## Reynsluaktu Hyundai Tucson alla leið til Moskvu.

Landsliðið er á fullu að undirbúa sig fyrir HM í Rússlandi og þú átt möguleika á að fara þangað með þeim. Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai, þá ferðu í pott og gætir unnið sannkallaða þjóðhátíðarferð á leik Íslands og Argentínu í Moskvu þann 16. júní.

Þann 31. maí verða dregnir út tveir vinningshafar sem hljóta hvor um sig ferð fyrir tvo til Moskvu. Innifalið er flug, gisting, miðar á leikinn og ferðir með fararstjórn til og frá leikvanginum.

Hyundai er einn af aðalstyrktaraðilum FIFA WORLD CUP 2018

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

Veglegir HM aukahlutapakkar fylgja öllum Hyundai bílum í takmarkaðan tíma.

ENNEMM / SÍA / NM87337

# Falleinkunn



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Stærstu sveitarfélög landsins hafa ekki farið varhluta af uppsveiflu í efnahagslífinu á undanförnum árum. Hagstætt ytra umhverfi, sem hefur meðal annars einkennst af hækkandi fasteignaverði og gengisstyrkingu krónunnar samhliða uppgangi í ferðaþjónustu, hefur skilað sér í stórauknum tekjum og lækkandi skuldahlutfalli sveitarfélaganna. Þessi mynd gæti hins vegar nú verið að breytast með vaxandi vísbendingum um að hagkerfið sé tekið að kólna snögglega. Þá er hætt við því að mörg sveitarfélög verði í aðþrengdri stöðu til að standa undir tugmilljarða uppsafnaðri fjárfestingaþörf.

Í umræðu um opinber fjármál og hagstjórn fá málefni sveitarfélaganna, sem taka til sín um fimmtung af öllum tekjum hins opinbera, oft minna vægi en efni standa til. Í greiningu, sem Samtök atvinnulífsins (SA) kynntu í vikunni um fjárhagsstöðu tólf stærstu sveitarfélaganna, kemur fram að frá 2011 hafi tekjur A-hluta þeirra, sem eru einkum útsvar og fasteignaskattar, aukist um nærri 300 milljarða á föstu verðlagi. Þar af hafi 170 milljörðum, eða um 57 prósentum tekjuaukans, verið ráðstafað í launakostnað. Þá vekur það eftirtekt að þrátt fyrir þennan mikla tekjuvöxt, sem fyrirséð er að fari núna minnkandi, hafi aðeins tólf prósent aukinna tekna skilað sér í bætti afkomu sveitarfélaganna.

Það veldur vonbrigðum, ekki hvað síst í tilfelli stærsta sveitarfélagsins, að fordæmalaus uppgangur síðustu ára hafi ekki verið nýttur í meira mæli til að búa í haginn fyrir mögru árin þegar tekjustofnar munu skreppa saman. Reykjavíkurborg er með næstverstu fjárhagsstöðuna af tólf stærstu sveitarfélögunum, samkvæmt greiningu SA. Þar munar mestu um slæma skuldastöðu borgarinnar en sem hlutfall af tekjum eru skuldirnar 169 prósent – aðeins Reykjanesbær er með verra skuldahlutfall – og í krónum talið hafa þær aukist um 35 milljarða á síðustu fjórum árum. Skuldir á hvern íbúa eru rúmlega 2,4 milljónir. Með hliðsjón af lélegum rekstri Reykjavíkurborgar ætti ekki að koma á óvart að íbúarnir búa við hlutfallslega hæstu álögurnar en um 10,9 prósent af tekjum þeirra renna til sveitarfélagsins á meðan hlutfallið er 7,4 prósent hjá íbúum á Seltjarnarnesi.

Höfuðborgin sker sig einnig um margt úr þegar litið er til fjölgunar íbúa á kjörtímabilinu. Þannig hefur íbúum í Reykjavík aðeins fjölgað um tæplega 3,5 prósent á meðan landsmönnum hefur á sama tíma fjölgað um sex prósent. Lítil fólksfjölgun í Reykjavík er sumpart heimatilbúinn vandi. Sökum lóðaskorts og þunglamalegs skipulags hefur uppbygging nýrra íbúða á höfuðborgarsvæðinu verið í lágmarki. Niðurstaðan er fyrirsjáanleg. Fasteignaverð hefur hækkað verulega og umfram fjárhagsstöðu heimilanna. Þessi staða hefur ýtt íbúum í stærstu nágrannasveitarfélögum Reykjavíkur hefur fjölgað mun meira. Það stafar meðal annars af því að fasteignaverð þar hefur hækkað minna og uppbygging nýrra íbúða verið hraðari.

Fjármál Reykjavíkurborgar og húsnæðismál eru ein stærstu málefni kosninganna. Þar ber flest að sama brunni. Núverandi meirihluti ber ábyrgð á lausatökum í rekstri borgarinnar, sem hefur skilað sér í slæmri skuldastöðu og skattheimtu í hæstu hæðum, og miklum húsnæðisskorti. Kjósendur hljóta að taka mið af þeim staðreyndum í komandi kosningum.

> **Sökum lóðaskorts og þunglamalegs skipulags hefur uppbygging nýrra íbúða á höfuðborgarsvæðinu verið í lágmarki.**





## Halldór





## Frá degi til dags

**Hlutleysið**

**Undanfarin ár hefur það færst í aukana að hinar ýmsu síður bjóði upp á kosningapróf svo kjósendur geti mátað sig við stefnu framboða og frambjóðenda. RÚV hefur undanfarið boðið upp á slíkt próf. Kjósandi svarar hvort hann sé sammála eða ósammála hinum ýmsu fullyrðingum og kerfið spýtir út úr sér hvaða frambjóðandi er næstur þeim svörum. Athyglisvert er að í ár, sé maður algerlega hlutlaus, hvorki sammála né ósammála neinu, þá er oddviti Sjálfstæðismanna í borginni, Eyþór Arnalds, sá sem fellur best að því. Hlýtur hann því nafnbótina hlutlausasti frambjóðandinn árið 2018.**

**Moskva**

**„Svona byrjar þetta allt saman, fyrst fá þeir leyfi til að byggja bænakallsturn, [...] svo þegar búið er að byggja hann við moskuna þá verður farið fram á að núverandi bænaköll verði leyfð að sjálfsögðu, og hver haldiði að verði niðurstaðan ef máttlaus meirihlutinn verður kosinn áfram,“ spyr hin víðsýna Margrét Friðriksdóttir í hóp á Facebook og deilir frétt um bænakallskerfi á sænskri mosku. Meðlimur hópsins er með svar á reiðum höndum. Rétt væri bara að „kveikja í Moskvuni!“**

joli@frettabladid.is

# Endurreisum verkamannabústaðakerfið



Líf Magneudóttir
oddviti Vinstri grænna í borgarstjórnarkosningunum

Ástandið á húsnæðismarkaðnum í Reykjavík hefur sýnt svart á hvítu að markaðslögmálin ráða ekki við að leysa húsnæðisvandann. Allt of mikið er byggt af stórum, dýrum íbúðum sem tekjulágt fólk ræður ekki við að kaupa og henta ekki barnafjölskyldum.

Svipaða sögu er að segja af leigumarkaðinum. Framkoma stórra fyrirferðarmikilla leigufélaga er svívirðileg. Leigjendur standa frammi fyrir tuga prósenta hækkun á leigu eða að lenda ella á götunni. Þetta er ekki náttúrulögmál heldur afleiðing þess að húsnæðismarkaðurinn þjónar ekki fólki, heldur fjármagni: Það er meiri arður af byggingu dýrra, stórra eigna og fjárfestar sem leggja fé í fasteignafélög krefjast hámarksávöxtunar. Græðgi er rót vandans.

Borgin á að vera gerandi í húsnæðismálum og vinna náið með verkalýðshreyfingunni og öllum sem vilja byggja upp húsnæðiskerfi í anda gömlu verkamannabústaðanna. Það þarf að skapa sem fjölbreyttastan húsnæðismarkað þar sem fleiri form búsetu bjóðast. Verkalýðshreyfingin og stjórnvöld hafa áður tekið höndum saman um lausn húsnæðisvanda Reykvíkinga með verkamannabústöðum. Það gerðist á millistríðsárunum þegar húsnæðisskortur í Reykjavík var einn sá versti í allri Evrópu. Á sjöunda áratugnum var Breiðholtið svo byggt og braggahverfunum útrýmt.

Í dag er þörf á sams konar átaki.

Samhent átak með verkalýðshreyfingunni og öðrum sem reka óhagnaðardrifin leigufélög er nauðsynlegt til að leysa húsnæðisvandann til skamms tíma. Slík samvinna er þó enn mikilvægari til langs tíma.

Langtímalausn húsnæðisvandans krefst þess að barnafjölskyldur og tekjulágt fólk sé ekki ofurselt kuldalegum markaðslögmálum; að hér sé starfandi kerfi sem býður fólki upp á fleiri valkosti.

Á næsta kjörtímabili ætla Vinstri græn að taka höndum saman með öllum þeim sem vilja byggja hér húsnæðiskerfi sem þjónar fólki, ekki fjármagni. Því það er best fyrir samfélagið.

> **Langtímalausn húsnæðisvandans krefst þess að barnafjölskyldur og tekjulágt fólk sé ekki ofurselt kuldalegum markaðslögmálum**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálssson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5800, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Hvaða tala kemur eftir 7.320.442?



Þórlindur Kjartansson

Allt frá því ég var barn man ég eftir því að heyra fólk lýsa með þjósti yfir andúð á utanbókarlærdómi. Það virkar einhvern veginn lógískt að það sé sóun á heilastarfsemi að leggja hluti á minnið. Betra sé að spara plássið fyrir sköpunargáfuna en sækja bara upplýsingar og staðreyndir eftir þörfum.

Ennfremur heyrist það gjarnan sagt að samhengislaus „páfagaukalærdómur“ sé gamaldags og gagnslaus. Þetta má til dæmis lesa úr drögum að menntastefnu sem borgarráð Reykjavíkur sendi frá sér nýverið. Þar eru talin upp fimm markmið í skóla- og frístundastarfi. Fæst snúast um að skólinn eigi að tryggja að nemendur hafi tileinkað sér þekkingu eða færni—ef frá er talið að þau skuli geta lesið sér til gagns og gamans. Þess í stað er lögð áhersla á að upplifun barna af skólanum sé jákvæð, að þau þrói sterka sjálfsmynd, sjálfstraust, frumkvæði, sköpunargáfu og tileinki sér heilbrigðan lífsstíl, svo eitthvað sé nefnt.

**En vellíðan er ekki endilega eftirsóknarverð ef hún er á kostnað þroska, skapandi hugsun án þekkingar er yfirleitt fáránleg—og sjálfstraust án færni getur beinlínis verið hættulegt.**

En vellíðan er ekki endilega eftirsóknarverð ef hún er á kostnað þroska, skapandi hugsun án þekkingar er yfirleitt fáránleg—og sjálfstraust án færni getur beinlínis verið hættulegt. Það er þess vegna ekkert smámál ef það er rétt sem sumir skólamenn, þar á meðal Jón Pétur Zimsen, halda fram, að það sé vísvitandi verið að draga úr áherslu á þekkingu og færni í skólakerfinu. Það er ýmislegt gagnlegt sem leynist í kennsluaðferðum og menntastefnum, svo sem eins og páfagaukalærdómur, sem þykja vera úr takti við tímann.

## Skapandi páfagaukar

Og hvaða tala skyldi koma næst á eftir 7.320.442? Það mun vera talan 7.320.443.

Eflaust finnst mörgum merkilegt að ég kunni svona margar tölur. Hann hlýtur að vera snjall þessi pistlahöfundur að kunna að telja upp í meira en sjö milljónir og fipast ekkert. Kannski hefur hann svindlað og hringt í vin sinn Pawel Bartoszek og hann hefur flett því upp fyrir hann í þykkri bók með öllum mögulegum tölum sem stærðfræðingar geyma í hillunum sínum. En, nei nei. Ég vissi þetta alveg sjálfur. Og það er allt út af páfagaukalærdómi.

Þegar lítil börn læra tölustafina eru þau nefnilega að læra eins og páfagaukar. Þau læra fyrst að skilja muninn á einum og mörgum, svo læra þau muninn á einum, tveimur og mörgum—en að fá tilfinningu fyrir muninum á þrettán og fjórtán tekur mörg ár—jafnvel þótt barnið sé vant því að þylja upp talnarununa hárrétt. En þessi páfagaukalærdómur gerir það að verkum að allt fullorðið fólk kann fullkomlega að telja, meira að segja upp í tölur sem það hefur aldrei áður séð.

Og þótt okkur finnist ekki merkilegt að vita hvaða tala kemur á eftir 7.320.442 þá tók það mannkynið meira en tíu þúsund ár að finna svarið, og það tekur hverja manneskju mörg ár að læra aðferðina. Ástæða þess að okkur finnst ekki merkilegt að geta svarað spurningunni er ekki sú að hún er einföld—heldur sú að við búum öll yfir ótrúlega flókinni færni sem jafnvel gáfaðasta fólk fornaldar gat ekki látið sig dreyma um.

## Þekking, skilningur, færni, sköpun

Engum dytti í hug að það væri ásættanlegt að nemendur útskrifuðust úr grunnskóla án þess að hafa öðlast fullkomna færni í notkun talnakerfisins.

Og þótt það sé freistandi að taka þá færni sem sjálfsögðum hlut, þá byggist hún einmitt á gamaldags páfagaukalærdómi. Maður þarf að kunna hluti áður en maður skilur þá og maður þarf að skilja hluti áður en maður getur beitt þeim; og maður þarf að hafa færni í að beita þekkingu áður en maður getur skapað eitthvað nýtt og gagnlegt.

Til þess að sjá samhengi og mynstur þarf manneskjan að reiða sig á kynstrin öll af inngróinni þekkingu, sem ekki er hægt að fletta upp eftir þörfum. Utanbókarlærdómur og páfagaukalærdómur verða því smám saman að forsendu skilnings sem svo getur leitt til þekkingar, skilnings, visku eða jafnvel frumlegrar hugsunar.

ÁRSFUNDUR 2018
Hilton Nordica
Þriðjudagur 15. maí kl. 14

Á traustum grunni

Landsvirkjun hvetur til opinnar umræðu um orkumál og býður alla velkomna á ársfund.

Síðasta ár voru met slegin í sölu og vinnslu rafmagns. Rekstrarafkoma fyrirtækisins hefur aldrei verið betri og efnahagurinn er traustur.

Á ársfundinum verður fjallað um þessa góðu stöðu. Einnig verða kynnt þau tækifæri og þær áskoranir sem framundan eru og fjallað um raforkumarkaðinn í víðu samhengi.

Bein útsending verður frá fundinum á landsvirkjun.is.



- **Bjarni Benediktsson** fjármála- og efnahagsráðherra
  *Ávarp*
- **Jónas Þór Guðmundsson** stjórnarformaður
  *Ávarp*
- **Hörður Arnarson** forstjóri
  *Á traustum grunni – gott ár að baki*
- **Selma Svavarsdóttir** forstöðumaður á starfsmannasviði
  *Að virkja jafnréttið*
- **Ragna Árnadóttir** aðstoðarforstjóri
  *Áhrif aukinnar eftirspurnar á raforkumarkað*
- **Stefanía G. Halldórsdóttir** framkvæmdastjóri markaðs- og viðskiptaþróunarsviðs
  *Orka í dansi framtíðarinnar*

Fundarstjóri
- **Magnús Þór Gylfason** yfirmaður samskiptasviðs

Verið öll velkomin
Skráning á www.landsvirkjun.is
#lvarsfundur

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA






## Wewalka Pizza Classic Crust

Föstudagar eru pizzadagar

**195** kr/stk
**Verð áður 279**

Tilboð gilda út 13. maí




## Green Mountain Gringo

Salsa sósur

**899** kr/stk




## Green Mountain Gringo

Bestu tortillurnar fyrir eðluna

**699** kr/pk




## Llanllyr Source

Ginger Beer, Fiery Ginger Beer og Tonic

**199** kr/stk




## Nesquik

Þessi eina sanna kakómjólk 400 g

**299** kr/pk




## California Style Guacamole

Ferskt Guacamole alla miðvikudaga og föstudaga

**699** kr/pk

*Ítalskt*



## Fumagalli ítölsk hráskinka, salami og Pancetta

Ítölsk gæðavara. Lífræna línan

**verð frá 599** kr/pk

# Meira svona alla daga




**Sósur sem gera góðan borgara betri**

349 kr/stk

ÍSLANDS NAUT

**Smash Style**

| 2 x 100 g | 2 x 120 g | 2 x 140 g |
|---|---|---|
| 479 kr/pk | 559 kr/pk | 639 kr/pk |
| Verð áður 599 | Verð áður 699 | Verð áður 799 |

**Stokes Burger Relish**

599 kr/stk




15% afsláttur

**Ungnautalundir**

5.949 kr/kg
Verð áður 6.999 kr/kg




30% afsláttur

**Poussin 1/2 kjúklingur**

769 kr/kg
Verð áður 1.099 kr/kg




15% afsláttur

**Úrbeinuð kjúklingalæri**

2.039 kr/kg
Verð áður 2.399 kr/kg

HAGKAUP Meira svona alla daga

## Öruggir með sæti í hópnum


Hannes Þór Halldórsson


Birkir Már Sævarsson


Kári Árnason


Ragnar Sigurðsson


Sverrir Ingi Ingason


Hörður Björgvin Magnússon


Ari Freyr Skúlason


Jóhann Berg Guðmundsson


Aron Einar Gunnarsson


Emil Hallfreðsson


Gylfi Þór Sigurðsson


Birkir Bjarnason


Alfreð Finnbogason


Jón Daði Böðvarsson

## Mjög líklegir


Rúnar Alex Rúnarsson


Ólafur Ingi Skúlason


Theodór Elmar Bjarnason


Rúrik Gíslason


Albert Guðmundsson


Björn Bergmann Sigurðarson

» Tilkynna þarf endanlegan 23 manna HM-hóp 4. júní.

» Fyrir EM 2016 tilkynntu Heimir Hallgrímsson og Lars Lagerbäck 23 manna hóp 9. maí. Sex leikmenn voru á biðlista en þeir þurftu að vera klárir ef kallið kæmi.

## Eiga möguleika


Ögmundur Kristinsson


Frederik Schram


Ingvar Jónsson


Hjörtur Hermannsson


Hólmar Örn Eyjólfsson


Jón Guðni Fjóluson


Rúnar Már Sigurjónsson


Arnór Ingvi Traustason


Viðar Örn Kjartansson


Kjartan Henry Finnbogason

## Eiga fjarlæga möguleika


Haukur Heiðar Hauksson


Samúel Kári Friðjónsson


Arnór Smárason


Aron Sigurðarson


Kolbeinn Sigþórsson

**43**

leikmenn hefur Heimir Hallgrímsson notað síðan Ísland tryggði sér sæti á HM.

» Ísland mætir Noregi og Gana í vináttulandsleikjum á Laugardalsvelli áður en haldið verður til Rússlands.

kosangas

25% AFSLÁTTUR AF SMELLUGASI TIL 13. MAÍ



Smellugashylkin eru sterk en mjög létt og þægileg í meðförum. Skipt er um hylki með aðeins einu handtaki. Gasáfyllingin fæst með 25% afslætti til 13. maí.

Vinur við veginn

olís

# Fá baráttusæti

**Baráttusætin í íslenska HM-hópnum sem Heimir Hallgrímsson tilkynnir í dag eru ekki mörg.**

**FÓTBOLTI** Heimir Hallgrímsson tilkynnir í dag íslenska hópinn sem fer á HM í Rússlandi í næsta mánuði. Heimir hefur sagt að hann muni fara sömu leið og fyrir EM 2016. Þá völdu þeir Lars Lagerbäck strax 23 manna hóp en sumir landsliðsþjálfarar fara þá leið að velja stærri hóp og skera svo niður.

Þátttökuliðin á HM þurfa að vera búin að tilkynna hóp 14. maí og endanlegur 23 manna hópur þarf að vera klár 4. júní.

Að þessu sinni eru baráttusætin í íslenska hópnum aðeins 3-4. Ingvar Jónsson, Ögmundur Kristinsson og Frederik Schram berjast um stöðu þriðja markvarðar á eftir Hannesi Þór Halldórssyni og Rúnari Alex Rúnarssyni.

Ingvar er ólíklegastur af þessum þremur til að fara til Rússlands. Hann hefur aðeins leikið tvo landsleiki frá EM og lítið spilað með sínu félagsliði, Sandefjord, í upphafi tímabils. Frederik lék vináttulandsleikinn gegn Perú í lok mars og það kæmi lítið á óvart að hann færi til Rússlands.

Jón Guðni Fjóluson, Hjörtur Hermannsson og Hólmar Örn Eyjólfsson berjast svo um stöðu fjórða miðvarðar. Hjörtur var í EM-hópnum en hefur lítið sýnt í þeim landsleikjum sem hann hefur fengið síðan þá. Það vinnur þó með Hirti að hann getur leyst stöðu hægri bakvarðar. Jón Guðni hefur staðið sig vel í Svíþjóð undanfarin ár og lék allan leikinn og skoraði gegn Perú.

Rúrik Gíslason fór ekki á EM en verður að öllum líkindum í HM-hópnum. Ólafur Ingi Skúlason fór ekki til Frakklands en hefur verið í hópnum síðan þá og verið fyrirliði í nokkrum leikjum. Meiðsli Arons Einars Gunnarssonar auka líkur Ólafs Inga á að fá farseðil til Rússlands. Arnór Ingvi Traustason átti eftirminnilegt EM en gæti setið heima að þessu sinni. Hann fékk aðeins 33 mínútur í leikjunum í Bandaríkjunum í mars.

Síðan er spurning hversu marga framherja Heimir velur í HM-hópinn. Alfreð Finnbogason og Jón Daði Böðvarsson eru öruggir og Björn Bergmann Sigurðarson fer líklega með. Albert Guðmundsson hefur nýtt tækifæri sín með landsliðinu vel og sömu sögu er að segja af Kjartani Henry Finnbogasyni. Þeir gætu báðir farið með til Rússlands. Viðar Örn Kjartansson situr væntanlega eftir eins og fyrir tveimur árum.

ingvithor@frettabladid.is

# Hef lært margt á stuttum tíma og á eftir að læra heilan helling

Guðrún Brá Björgvinsdóttir er á sínu fyrsta tímabili sem atvinnukylfingur. Hún komst í gegnum niðurskurðinn í fyrsta sinn á LETA-mótaröðinni um síðustu helgi og verður í úrtökumóti fyrir Opna bandaríska meistaramótið á mánudaginn. Hún segir að á þessu stigi verði kylfingar að hugsa aðeins um sjálfa sig.

**GOLF** Atvinnukylfingurinn Guðrún Brá Björgvinsdóttir úr Golfklúbbnum Keili keppir þessa dagana á LETA-mótaröðinni, þeirri næststerkustu í Evrópu en hún mun ásamt Valdísi Þóru Jónsdóttur, GL, reyna við úrtökumótið fyrir Opna bandaríska meistaramótið á mánudaginn.

Guðrún sem lék með Fresno State háskólanum í bandaríska háskólagolfinu gerðist atvinnukylfingur í vetur og er þriðji íslenski kvenkylfingurinn sem gerist atvinnukylfingur á síðustu fimm árum. Var hún valin í Evrópuúrval áhugakylfinga stuttu áður en hún gerðist atvinnukylfingur og endaði í 4. sæti á Evrópumóti áhugakylfinga í fyrra.

Á hún ekki langt að sækja golfhæfileikana en pabbi hennar, Björgvin Sigurbergsson, er fjórfaldur Íslandsmeistari í golfi. Guðrún, sem er ríkjandi Íslandsmeistari í holukeppni, komst í gegnum niðurskurðinn í fyrsta sinn um síðustu helgi í Sviss en henni fannst gott að ná að brjóta ísinn þar á öðru móti sínu á mótaröðinni.

„Þetta hefur gengið bara nokkuð vel hingað til, þetta er skemmtilegt og öðruvísi verkefni en ég hef lært heilmargt á þessum fáu vikum og ég á enn eftir að læra heilan helling,“ segir Guðrún um fyrstu vikurnar sem atvinnukylfingur.

„Markmiðið er auðvitað alltaf að ná í gegnum niðurskurðinn og ég spilaði heilt yfir bara nokkuð vel þótt að það sé margt sem ég hefði geta gert betur. Nú er ísinn brotinn og vonandi heldur þetta áfram. Ég er búin að vera að slá vel undanfarnar vikur en það munar um hvert högg í lok móts.“

Guðrún ræddi við Valdísi í aðdraganda þess að tímabilið byrjaði en þær léku saman á móti á dögunum og eru báðar að fara í úrtökumót fyrir eitt af fimm risamótum ársins eftir helgina.

„Við vorum báðar að spila á fyrsta mótinu mínu í Frakklandi og það hjálpaði heilmikið að vera með henni, hún vissi nákvæmlega hvernig allt saman gekk og það var gott að hafa hana,“ segir Guðrún sem segir hugarfarið breytt sem atvinnukylfingur.

„Ég er að spila golf eins og ég hef verið að gera síðustu ár en ég er að spila fyrir sjálfa mig og með því kemur meiri pressa. Þetta eru hlutir sem maður þarf að læra og það sem fylgir því að vera atvinnukylfingur.“



Guðrún Brá skoðar flötina á Íslandsmótinu í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Hún var afar spennt fyrir því að keppa í úrtökumóti með möguleika á að komast á fyrsta risamótið á ferlinum en það gæti farið svo að Ísland ætti þrjá kylfinga á mótinu, Valdís og Guðrún gera atlögu á úrtökumótinu en Ólafía Þórunn Kristinsdóttir verður meðal kylfinga.

„Fyrst og fremst er ég spennt að eiga þennan möguleika. Þetta verða tveir hringir á einum degi og maður verður bara að gefa í og sjá hvað gerist. Ég lék oft tvo hringi samdægurs í skólanum svo það ætti ekki að trufla mig en þetta verður vissulega langur dagur og maður má ekki gleyma sér við að fylgjast með því hvað aðrir eru að gera,“ sagði Guðrún og bætti við:

„Það yrði frábært að komast strax á stórmót, þetta er búið að vera draumur manns í langan tíma.“

kristinnpall@frettabladid.is

## Nýjast

**Pepsi-deild kvenna**

| | |
|---|---|
| **Selfoss - KR** | **0-1** |

0-1 Mia Celestina Annete Gunter (38.).

## Bikarmeistari í Danmörku

**FÓTBOLTI** Hjörtur Hermannsson og félagar í Brøndby eru danskir bikarmeistarar eftir 3-1 sigur á Silkeborg á Parken í gær. Lék Hjörtur allan leikinn en þetta er fyrsti titill hans hjá Brøndby á öðru tímabili hans í herbúðum danska félagsins.

Brøndby lenti undir um miðbik fyrri hálfleiks en náði að snúa leiknum sér í hag og Kamil Wilczek innsiglaði sigurinn með öðru marki sínu og þriðja marki Brøndby undir lok venjulegs leiktíma.

Hið sögufræga félag Brøndby hefur verið í mikilli lægð undanfarinn áratug en þetta er fyrsti titill félagsins í tíu ár eða allt frá síðasta bikarmeistaratitli 2008. – kpt



Hjörtur í leik með Bröndby.




## Merkisatburðir

**1721** Kötlugos hefst með jarðskjálfta og miklum drunum sem heyrðust allt norður í Eyjafjörð.

**1911** Knattspyrnufélagið Valur í Reykjavík stofnað.

**1912** Hið íslenska fræðafélag í Kaupmannahöfn stofnað.

**1930** Skógræktarfélag Eyfirðinga stofnað og hét þá Skógræktarfélag Íslands.

**1955** Kópavogur verður kaupstaður.

**1975** Um 75.000 manns fagna lokum Víetnamstríðsins í Central Park í New York.

**1998** Fyrstu evrumyntirnar slegnar í Pessac í Frakklandi. Þær voru síðan bræddar aftur.

**2015** Málverkið Les Femmes d'Alger eftir Pablo Picasso selst á 179,3 milljónir dala á uppboði hjá Christie's í New York. Við sama tækifæri fer höggmynd Alberto Giacometti, L'Homme au doigt, á 141,3 milljónir dala.




†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigrún Árnadóttir**
Sólvöllum 15, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, Selfossi, fimmtudaginn 3. maí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 15. maí kl. 14.00.

**Bárður K. Vigfússon**
**Brynja Ágústsdóttir**
**Gestur R. Bárðarson** **Erna Steina Guðmundsdóttir**
**Kristinn M. Bárðarson** **Gerða Arnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**Jóns Inga Ragnarssonar**
málarameistara.

Hjartans þakkir til Breiðabliks fyrir stuðninginn og líknardeildar Landspítalans fyrir hlýju og góða umönnun.

**Alda Sveinsdóttir**
**Ragnar Jónsson**
**Ingibjörg Hrönn Jónsdóttir** **Per-Arne Svensson**
**Linda Dröfn Jónsdóttir** **Örn Steinar Arnarson**
**og fjölskyldur.**



†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Guðrún Þ. Sigurðardóttir**
frá Slitvindastöðum í Staðarsveit, lengst af til heimilis í Ólafsvík,

lést á Hrafnistu, Sólteigi, miðvikudaginn 18. apríl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu, Vífilsstaða og Landakots fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélagið.

**Una Jóna Sigurðardóttir**
**Guðlaugur Kr. Sigurðsson** **Anna María Jónsdóttir**
**Kristín G. Sigurðardóttir** **Bjarni Arnarson**
**Valdimar G. Sigurðsson** **Rannveig H. Kristinsdóttir**
**Níels P. Sigurðsson** **Hrefna G. Kristmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Ástkær móðir okkar,

**Magdalena Thoroddsen**
Aflagranda 40, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju mánudaginn 14. maí kl. 13.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir**
**Halldóra J. Þorvarðardóttir**




**Loji Höskuldsson fæddist árið 1987 í Reykjavík. Hann útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2010.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sauma út á víxl og sækja innblástur í nærumhverfi

**Kristján Ellert Arason og Loji Höskuldsson opna sýningu sína, Kristján og Loji umpotta, í dag í Listasal Mosfellsbæjar. Hafa unnið að verkunum í átta mánuði en aðeins hist tvisvar sinnum. Samvinna þeirra hefur þó gengið prýðilega og orðið að nokkurs konar leik.**

Sýningin Kristján og Loji umpotta verður opnuð í Listasal Mosfellsbæjar í dag klukkan 16.

Sýningin er hluti af hátíðinni List án landamæra og er samsýning Kristjáns Ellerts Arasonar og Loja Höskuldssonar.

Kristján Ellert Arason er fæddur árið 1958. Fyrstu ár ævi sinnar ólst hann upp í Mosfellssveit en flutti síðar til Reykjavíkur. Hann hefur stundað nám við Stýrimannaskólann, Höfðaskóla og Öskjuhlíðarskóla. Síðustu níu ár hefur hann unnið að myndlist á vinnustofum Sólheima. Í list sinni hefur Kristján Ellert unnið mest með útsaum og hefur hann sýnt verk sín víða. Vandvirkni einkennir handbragð Kristjáns Ellerts, hann saumar út lítil varfærnisleg saumspor og vinnur lengi að hverri mynd.

Loji Höskuldsson fæddist árið 1987 í Reykjavík. Hann útskrifaðist úr myndlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2010.

**» Afrakstur samvinnunnar er þrettán nýjar plöntur sem fá að blómstra á hátíðinni List án landamæra í ár.**

Í list sinni kannar hann hefðbundnar og nýjar leiðir í útsaumi, tækni sem hann hefur þróað út frá mömmu sinni, sem er atvinnusaumakona og meistari í útsaumi. Loji hefur tekið þátt í fjölda samsýninga hér á landi og haldið einkasýningar. Viðfangsefni verka hans eru fengin úr hversdagsleikanum, svo sem plöntur og ávextir og minna stundum á verk flæmsku endurreisnarmeistaranna.

Frá haustinu 2017 hafa þessir tveir listamenn unnið að verkum fyrir sýninguna Kristján og Loji umpotta.

Listamennirnir hafa þó einungis hist tvisvar þessa átta mánuði sem þeir hafa unnið saman þar sem Loji er búsettur í Svíþjóð. Samvinnan hefur þó gengið prýðilega og hefur orðið að nokkurs konar leik. Þannig saumar annar út hluta myndarinnar, til dæmis blómapottinn eða blómið, og sendir hinum, sem klárar myndina. Það er erfitt fyrir áhorfandann að sjá hvor hefur saumað hvað en Kristján og Loji eru hálfgerðir listabræður.

Báðir vinna þeir útsaumsverk á brúnan striga, litaval í verkum þeirra er svipað, þeir hafa óbilandi áhuga á mismunandi útsaumsaðferðum og sækja innblástur sinn í nærumhverfið. Afrakstur samvinnunnar er þrettán nýjar plöntur sem fá að blómstra á hátíðinni List án landamæra í ár. Sýningin verður opin til 15. júní og er opin á opnunartíma Bókasafns Mosfellsbæjar.

**benediktboas@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 11. MAÍ 1955

## Kópavogur verður kaupstaður

Kópavogur er sveitarfélag og bær á höfuðborgarsvæðinu. Bærinn dregur nafn sitt af voginum sunnan við Kársnes. Þar var Kópavogsfundurinn haldinn árið 1662, en allt fram á 20. öld voru í Kópavogi einungis nokkrir búståðir og býli og uppbygging hefst þar ekki fyrr en í kreppunni miklu upp úr 1930. Svo var það á þessum degi árið 1955 að Kópavogur varð kaupstaður, en hafði sjö árum áður orðið hreppur við aðskilnað frá Seltjarnarneshreppi. Saga Kópavogs sem bæjarfélags er því



ekki löng. Fyrst var kosið í bæjarstjórn í október 1955 eftir að kaupstaðarréttindi tóku gildi í maí það ár. Líkt og í öllum þrennum hreppsnefndarkosningunum hélt meirihluti Framfarafélagsins um stjórnvölinn eftir það undir forystu Finnboga Rúts Valdimarssonar og það var ekki fyrr en 1962 að breyting varð á þegar Framsóknarflokkurinn myndaði meirihluta með Framfarafélaginu og svo síðar Sjálfstæðisflokkurinn. Undir lok 20. aldar og í byrjun 21. aldar hófst mikil uppbygging í Kópavogi.

# Fólk
Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 11. MAÍ 2018



# Þurfum að sjá alls konar fólk á sviði

Jacqueline Boxx er heimsfræg burlesque-díva og berst fyrir réttindum fatlaðra. Hún sýnir með Reykjavík Kabarett 29. júní og heldur námskeið daginn eftir. →2

MYND/JOSE RIOS






Framhald af forsíðu ➜

Brynhildur Björnsdóttir
brynhildur@frettabladid.is



Frá fimm ára aldri hefur Jacqueline Boxx, sem kemur einnig fram undir nafninu Miss Disa-Burly-Tease, dansað ballet og magadans, steppað og stundað sirkuslistir. Undanfarin ár hefur hún verið burlesque-listamaður og síðustu fjögur ár dansað í hjólastól sem hún þarf að nota vegna erfðasjúkdóms. Jacqueline hefur verið mjög virk í að benda á og henda skilgreiningum á því hvað líkamar eiga og mega eða mega ekki gera og vera.

„Ég lít á burlesque-dans sem tækifæri til að gangast við eigin líkama með stolti. Í þessari listgrein fáum við að velja hvernig við sýnum okkur í heimi sem yfirleitt velur fyrir okkur hver við erum og hvernig við birtumst. Ég dansa líka vegna þess að mér finnst mikilvægt að áhorfendur venjist því að sjá fatlaða á sviði, og ekki síst fatlað fólk sem kynþokkafullt,“ segir Jacqueline sem byrjaði að dansa burlesque eftir erfið sambandsslit í háskóla. „Ég fór á námskeið hjá listamanni að nafni Rose Wood sem kenndi mér að burlesque getur verið yfirlýsing um kynvitund og kynfrelsi.“

## Fór að lifa í núinu

Tveimur árum eftir að Jacqueline byrjaði að koma fram sem burlesquedansari var hún greind með erfðasjúkdóm sem heitir Ehlers-Danlos Syndrome, eða EDS, arfgengan bandvefssjúkdóm þar sem genagalli veldur því að kollagen myndast ekki rétt og bandvefir líkamans veikjast.

„Þetta gerir það að verkum að ég er mjög liðug en fer líka oft úr lið og líkami minn á erfitt með að græða sig ef ég verð fyrir slysi,“ segir hún. „Sjúkdómurinn uppgötvaðist eftir að ég lenti í bílslysi og var kvalin miklu lengur en eðlilegt má teljast. Eftir langar og strangar rannsóknir kom loks í ljós að mamma mín er með EDS og í kjölfarið fékk ég sömu greiningu. Stærsta breytingin var eiginlega sú að ég hætti að lifa fyrir einhvern dag í framtíðinni þar sem ég hætti að vera í erfiðleikum með líkama minn og byrjaði að lifa lífinu í nútíðinni.“




„Fötlun mín er mikilvægur hluti af mér og gerir mig að þeirri sterku konu og listamanni sem ég er.“ MYND/BLUEHAIRMEDIA

## Þurfum að sjá alls konar líkama á sviði

Að mati Jacqueline Boxx er burlesque kynþokkafullt listform sem styrkir sjálfsmynd og sjálfstraust í heimi sem þrífst á því að fólk lifi í ósátt við líkama sína. Og henni finnst einkar mikilvægt að sýna fatlaða í burlesque-samhengi. „Fólk lítur á þá sem eiga við fötlun að stríða sem annaðhvort engla í píslarvætti eða hjálparvana. Í báðum tilfellum veldur hugmyndin um fatlaða sem kynverur óþægindum,“ segir hún. „Þessar hugmyndir verða annaðhvort til þess að fólk gerir óraunhæfar kröfur til fatlaðra eða kemur fram við þá eins og börn. Það er afar mikilvægt að sjá fólk með fötlun eins og allt annað fólk, meðal annars þegar kemur að kynþokka og kynverund. Við bæði getum og viljum!“



Sýningin er í Tjarnarbíói þar sem er aðgengi fyrir hjólastóla. MYND/DANNI VALDEZ

## Fötlunin mikilvægur hluti af mér

Jacqueline verður oft hugsi þegar fólk hrósar henni fyrir hugrekki og það hvernig hún hafi komist yfir erfiðleikana sem fylgja sjúkdómnum. „Mér finnst ég ekki hafa „komist yfir“ neitt,“ segir hún. „Fötlun mín er mikilvægur hluti af mér og gerir mig að þeirri sterku konu og listamanni sem ég er. Það eina sem þarf að komast yfir er það viðhorf samfélagsins að ekki sé sjálfsagt að huga að aðgengi fyrir alla og að það sé einhver hræðileg bölvun að vera fötluð.“ Jacqueline segist vel kunnug ýmsum staðalmyndum um fólk með fötlun og hefur verið kölluð bæði hugrökk og hetja. „Ég er annaðhvort sögð til fyrirmyndar eða sagt að ég sé að gera mér fötlun mína upp, og hvort tveggja stafar af takmarkaðri sýn á hvað fatlað fólk „er“. Fötlun er endalaust fjölbreytt og er til í ýmsum stigum og sem dæmi má nefna að margir sem eru í hjólastól geta samt gengið smáspöl við og við. Hreyfigeta mín stafar af mikilli þjálfun og aðlögun að því hvað ég get og get ekki. Ég ætti ekki að þurfa að vera „hugrökk“ til að fara á svið, eða að minnsta kosti ekki hugrakkari en aðrir á sama sviði. Ég veit hins vegar fátt betra en að heyra af því að ég hafi fengið áhorfendur til að gera sér grein fyrir aðgengisvandamálum eða skoða fordóma sína um fötlun og færni. Hvítir, grannir, langir líkamar með hreyfifærni eru ekki endilega „venjulegir líkamar“. Fólk er alls konar og við þurfum því að sjá alls konar fólk á sviði!“

Hún segir að vegna þess að fólk sé ekki vant því að sjá fatlaða á sviði sé sjaldan gert ráð fyrir fötluðum listamönnum á sýningarstöðum. „Þetta er vítahringur sem gerir það að verkum að það er erfitt fyrir mig að finna staði til að koma fram á sem hefur gert mér það erfitt að fá nægilega mikinn tíma á sviði til að þróa mig sem listamann.“

## Hugurinn og Hreyfingin

Jacqueline kom fyrst til Íslands fyrir fjórum árum í brúðkaupsferðinni sinni. „Þá fórum við um suðurströndina og Snæfellsnesið á bílaleigubíl og vorum dolfallin yfir landslaginu, sérstaklega fossunum, jöklunum og hrauninu. Svo komum við aftur í fyrra og heimsóttum þá Vestfirði. Núna ætlum við að skoða Reykjavík betur og vonandi fara í þyrluferð svo ég geti séð þau svæði sem ég kemst ekki að gangandi.“

Jacqueline mun koma fram með Reykjavík Kabarett 29. júní og 30. júní heldur hún tvö námskeið í Tjarnarbíói. „Ég hef kennt þessi námskeið, Hugurinn og Hreyfingin, síðan 2015. Í Huganum hvet ég þátttakendur til að vinna með líkamanum í listsköpun í stað þess að berjast gegn honum. Það felur í sér að hlusta og tengjast líkama sínum, jafnvel og eiginlega mest þegar hann vill ekki hlýða þér. Hver einasta manneskja á jörðinni mun upplifa skerðingu á líkamsfærni ef hún lifir nógu lengi. Og það þýðir að allir þurfa að læra að vinna með líkamanum sínum. Í Hreyfingu nota ég þessa nálgun til að búa til atriði á svið og hvernig er best að skemmta og geisla af sjálfstrausti í gegnum þær hreyfingar sem þinn líkami treystir sér í á sviðinu. Það er best að taka námskeiðin saman en ekki nauðsynlegt. Ég leiðbeini svo þátttakendum á námskeiðinu við að finna aðferðir til að nota líkamann með tilliti til getu hans og færni.“

## Lykilatriði að virða getu sína og líðan

Jacqueline er mikill aktívisti þegar kemur að réttindum fatlaðra. „Að koma fram er mín helsta leið til að breyta viðhorfum en svo skrifa ég greinar í veftímarit þar sem ég segi sögu mína og ræði algengan misskilning varðandi fötlun. Ég skrifaði 365 hugleiðingar á Facebook-síðuna mína sem ég kallaði „#DisabilibabeNotes“ þar sem ég fer í gegnum mismunandi hluta af því að vera fötluð kona og fatlaður sviðslistamaður. Ég er líka á fullu að berjast fyrir breytingum í burlesque-heiminum, til dæmis varðandi aðgengismál, bæði fyrir listamenn og sýningargesti og að það sé tekið fram í kynningu á viðburðum hvernig aðgengi er háttað.“ Hún tekur fram að hún sjái hluti bara frá sínu sjónarhorni og aðrir sjái hluti öðruvísi. „Það er hægt að vera fatlaður á svo marga vegu og væri gaman að sjá ólíka fulltrúa fólks með mismunandi fatlanir á sviði. Við getum öll unnið að því að láta drauma okkar rætast, lykilatriðið er að bera virðingu fyrir getu sinni og líðan en muna um leið að það er ekki eftir neinu að bíða. Og byrja svo bara að vinna.“

Að lokum vill Jaqueline taka fram að hún vill mjög gjarna vera í sambandi við fatlaða um allan heim. „Endilega sendið mér tölvupóst eða skilaboð á Facebook ef þið viljið vera í sambandi. Við erum sterkari þegar við tölum saman og deilum reynslu okkar.“

Jacqueline Boxx er á Facebook og er einnig með heimasíðuna www.missdisaburlytease.com.

Ehlers Danlos Syndrome (EDS) á Íslandi er á Facebook.

Nánari upplýsingar um sýningar og námskeið á vegum Reykjavík Kabarett má finna á www. Reykjavikkabarett.is og á Facebook-síðunni Reykjavik Kabarett.

AFSLÁTTADAGAR
15%-30% (TIL 16. MAÍ)


Skoðið laxdal.is/pink passion
BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ
Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 512 5349 | Ragnheiður Tryggvadóttir, heida@frettabladid.is, s. 512 5367 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 512 5368 | Sigríður Inga Sigurðardóttir, sigriduringa@frettabladid.is, s. 512 5372 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 512 5358 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is s. 512 5338
Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Elmar Hallgríms Hallgrímsson | Sölumenn: Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 512 5457 | Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, olafurh@frettabladid.is, s. 512 5433 |

# Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

**FRITZ HANSEN, ROSENDAHL, STELTON,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
JOSEPH JOSEPH, CARL HANSEN,
HAY OG ALLIR HINIR**

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is

epal

## 15-70% AFSLÁTTUR

**Í DAG FÖSTUDAG,
Á MORGUN LAUGARDAG,
Á SUNNUDAG
OG Á MÁNUDAG,
11. - 14. MAÍ**

# Fjölskyldan í kjölfar áfalls

**Flestar fjölskyldur upplifa einhvers konar áföll á lífsleiðinni. Misjafnt er hvernig brugðist er við eða unnið úr þeim. Áföll geta birst í ýmsum myndum og einskorðast ekki við einn tiltekinn atburð.**

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Fjölskyldufræðingarnir Hafdís Þorsteinsdóttir og Ragnhildur Birna Hauksdóttir verða með áhugaverðan fyrirlestur sem nefnist Fjölskyldan í kjölfar áfalla, 17. maí hjá Lausninni. Hafdís segir að þegar komið er á fullorðinsár geti haft heilmikið að segja hvernig einstaklingur bregst við áföllum, hvort sem það eru áföll frá fyrri tíð sem aldrei hefur verið unnið úr eða eitthvað sem hefur gerst nýlega. „Aukinn skilningur og þekking á áhrifum áfalla er mikilvægur og getur hjálpað okkur við að vinna úr þeim og auðveldað okkur að bæta samskipti jafnt innan fjölskyldunnar sem utan,“ segir hún.

## Mismunandi áföll

„Áföll geta birst í ýmsum myndum og einskorðast ekki endilega við einn tiltekinn atburð. Skilnaður, ástvinamissir, atvinnumissir, gjaldþrot eða andlegt og líkamlegt ofbeldi eru meðal þekktari áfalla en einnig geta langvinn veikindi, slys, vanvirkar heimilisaðstæður eða rofin tengsl á uppvaxtarárum haft mikil áhrif á hegðun okkar og líðan,“ útskýrir Hafdís. „Þegar við verðum fyrir áfalli

> Ef einn eða fleira verða til að mynda fyrir áfalli/áföllum er jafnvægi fjölskyldunnar ógnað. Það hefur ekki aðeins áhrif á þann sem fyrir áfallinu verður, það getur haft áhrif á alla fjölskylduna,
>
> **Hafdís Þorsteinsdóttir**

verða í raun til eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum. Viðbrögðin geta verið sterk, bæði tilfinningalega og líkamlega. Við aðlögumst engu að síður þeim aðstæðum sem okkur mæta. Það er eðlilegt að hafa sterk tilfinningaleg eða líkamleg viðbrögð í kjölfar óþægilegra atburða. Í flestum tilfellum minnka þessi viðbrögð með náttúrulegu bataferli líkamans en oft getur erfið reynsla haft veruleg og langvarandi áhrif á samskipti og virkni í fjölskyldum, við maka, vini eða samstarfsfélaga,“ bendir Hafdís á.



**Áföll geta birst í margvíslegum myndum. Skilnaður, ástvinamissir, atvinnumissir, gjaldþrot eða andlegt og líkamlegt ofbeldi eru meðal þekktari áfalla en einnig langvinn veikindi, slys og vanvirkar heimilisaðstæður.**

## Hefur áhrif á alla

„Til að fjölskyldan geti farið saman í gegnum þrengingar þurfa að vera ákveðin verkfæri sem hún býr yfir. Af og til missir einhver tímabundna



**Hafdís Þorsteinsdóttir, fjölskyldufræðingur hjá Lausninni.**



**Ragnhildur Birna Hauksdóttir fjölskyldufræðingur.**

getu til að blómstra en um leið gæti hinn sami fengið rörsýn sem hindrar hann í að sjá hvað hann hefur, hvað hann á, hvaða styrk hann býr yfir og hversu fjölskylda hans er dýrmæt. Rörsýnin hefur áhrif á alla aðra í fjölskyldunni. Ef einn eða fleira verða til að mynda fyrir áfalli/áföllum er jafnvægi fjölskyldunnar ógnað. Það hefur ekki aðeins áhrif á þann sem fyrir áfallinu verður, það getur haft áhrif á alla fjölskylduna,“ segir Hafdís en þessi líðan verður sérstaklega tekin fyrir á fyrirlestrinum.

„Við Ragnhildur munum fara yfir helstu birtingarmyndir og afleiðingar áfalla, hvernig við getum lært að þekkja einkennin og fundið leiðir til að vinna úr þeim og bætt þannig líðan okkar, tengslamyndun og samskipti. Í fjölskyldum geta einstaklingarnir brugðist við áföllum á ólíkan hátt. Að skilja viðbrögð annarra og áhrif þeirra á samskiptin í fjölskyldunni getur hjálpað henni að takast á við erfiðleikana og komið í veg fyrir misskilning, sundrun í samskiptum og önnur vandamál. Neikvæður fjölskylduarfur eða áföll fyrri kynslóða getur haft áhrif á jafnvægi uppalenda sjálfra gagnvart því að mæta erfiðum stundum. Minningar og áföll sem myndast snemma, týnast oft í gegnum bælingu og tengslarof. Það sem situr eftir geta verið tilfinningaleg viðbrögð við sársaukafullu atviki, ómeðvituð bæling tilfinninga. Aukinn skilningur og þekking á áhrifum áfalla er mikilvægur og getur hjálpað okkur að vinna úr þeim og auðveldað okkur að bæta samskipti jafnt innan fjölskyldunnar sem utan.

## Getur styrkt böndin

Áföll sem einstaklingar innan fjölskyldunnar verða fyrir hafa óhjákvæmilega áhrif á aðra fjölskyldumeðlimi með einum eða öðrum hætti. Það er algengur misskilningur að það dugi að taka þann veika í fjölskyldunni og veita honum einstaklingsmeðferð. Þetta er ekki svona einfalt. Oftast þarf líka að sinna þeim sem næst honum standa. Það þarf stundum að aðstoða fjölskyldur við að breyta vanvirkri hegðun með heilbrigðum valkostum og leggja áherslu á vönduð tengsl eða hegðunarmynstur. Foreldri sem á til dæmis við áfengisvanda að etja er ekki einangrað vandamál, það hefur áhrif á alla í fjölskyldunni, bæði maka og börn.

Í hnotskurn er markmið fjölskyldumeðferðar að aðstoða fjölskylduna við að vinna saman að því markmiði að hafa góð samskipti, auka traust innan fjölskyldunnar og draga úr spennu og streitu. Í aðalatriðum minni átök, meiri lausnir. Fjölskyldumeðlimir sem upplifa sameiginlega erfiða atburði verða oft tengdari og meta hver annan meira eftir áfallið. Jafnvel þótt þú skiljir ekki nákvæmlega hvað aðrir í fjölskyldunni eru að upplifa eða að fara í gegnum þá er mikilvægt að vera meðvitaður um algeng viðbrögð og áhrif þeirra á fjölskyldulífið. Það getur hjálpað öllum að takast betur á við atburðina til lengri tíma litið,“ segir Hafdís.

Fyrirlesturinn verður 17. maí en nánari upplýsingar eru á lausnin.is.















ZIK ZAK
TÍSKUHÚS

# NÝ SENDING | SUMAR 2018

www.zikzakverslun.is

























Tískuhús Zik Zak | www.zikzakverslun.is | Kringlan 551-1314 | Glerártorg 559-1314

# Lífga upp á íslenskt dauðarokk



Ingólfur hefur sungið fyrir ýmsar íslenskar þungarokkssveitir. Hér hann með dauðarokkssveitinni Severed. MYND/JÚNÍA LÍF

**Þungarokkshátíðin Reykjavík Deathfest fer fram í þriðja sinn í næstu viku frá 17. til 19. maí. Hátíðin er smá í sniðum en er að stækka og hefur leitt til verulegrar fjölgunar á heimsóknum erlendra þungarokkssveita til landsins.**




Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is


Ingólfur Ólafsson hefur látið mikið að sér kveða í íslensku þungarokki á síðustu árum. Hann hefur sungið fyrir nokkrar áhrifamiklar íslenskar þungarokkssveitir í meira en áratug og er einn af stofnendum og skipuleggjendum tónlistarhátíðarinnar Reykjavík Deathfest, sem verður haldin í þriðja sinn í næstu viku, 17.-19. maí.

Á hátíðinni í ár spilar fjöldi erlendra sveita í bland við rjómann af íslensku dauðarokkssenunni, en meðal þeirra erlendu gesta sem koma í heimsókn þetta árið eru sveitirnar Psycroptic, Dead Congregation og Malignancy og auk þeirra láta íslensku sveitirnar Severed, Gone Postal og Une Misère ljós sitt skína, svo fátt eitt sé nefnt.

Auk hátíðarinnar sjálfrar hafa skipuleggjendurnir staðið fyrir ýmsum smærri tónleikum og hratt orðið einir helstu skipuleggjendur þungarokkstónleika á Íslandi.

### Létu þetta bara gerast

Fyrsta Reykjavík Deathfest hátíðin átti sér fremur skamman aðdraganda. „Ég og vinur minn, Aðalsteinn Magnússon, sem er gítarleikari hljómsveitarinnar Auðnar, hittumst á tónlistarhátíðinni Norðanpaunk sumarið 2015 og fórum að tala um að við þyrftum að halda einhverja rosalega dauðarokkstónleika í Reykjavík,“ segir Ingólfur. „Fyrsta hátíðin fór svo fram strax í apríl árið eftir.“



Ingólfur Ólafsson og Unnar Sigurðsson vinna saman að skipulagi Reykjavík Deathfest, sem fer fram í þriðja sinn í næstu viku. MYND/EYÞÓR

Dauðarokkssenan á Íslandi hefur verið misöflug í gegnum tíðina, en hafði verið í lægð um nokkurra ára skeið. Þetta vildu Ingólfur og Aðalsteinn laga. Á sama tíma höfðu íslenskar þungarokkssveitir sem spila annars konar öfgarokk, svartmálm, eða Black Metal, náð töluverðri velgengni á erlendri grundu.

„Velgengni og metnaður íslensku Black Metal-senunnar gaf okkur innblástur,“ segir Ingólfur. „Þannig að við bara létum þetta gerast og bókuðum bandarísku sveitina Cephalic Carnage sem aðalnúmerið á fyrstu Reykjavík Deathfest hátíðina. Svo hefur boltinn rúllað síðan.“

### Hátíðin stækkar og þróast

Ingólfi og Aðalsteini hefur svo borist mikill liðsauki. „Skipulagshópurinn hefur stækkað töluvert og fyrir vikið er allt orðið stærra í sniðum,“ segir Ingólfur. „Fyrir annað árið bættust Unnar Sigurðsson og Gísli Sigmundsson við hópinn og í ár bættust svo þeir Steingrímur Óskarsson og Eyvindur Gauti við. Listamaðurinn Skaðvaldur, einnig þekktur sem Þorvaldur Guðni Sævarsson, sér svo um að teikna fyrir okkur og Sigvaldi Ástríðarson, oft kenndur við Dordingul, sér um grafíska hönnun.“

Ingólfur segir að það sé ekki erfitt að fá hljómsveitir til að koma hingað. „Við veljum í rauninni sveitirnar bara eftir því hvað við sjálfir viljum sjá og höldum að aðrir íslenskir dauðarokkarar vilji sjá,“ segir hann. „Flestar sveitirnar hafa aldrei komið hingað áður og eru spenntar fyrir að koma og heimsækja landið og spila.

Í ár erum við svo aðeins að breyta áherslunni hjá okkur. Við erum hættir að bóka bara hreinræktaðar dauðarokkssveitir, þó að stefnan verði áfram að bóka öfgarokkssveitir, og í ár erum við með nokkrar sveitir sem fara út fyrir dauðarokksformið á ýmsan hátt, eins og Ulsect, Dodecahedron og Der Weg Einer Freiheit,“ segir Ingólfur. „Við ætlum líka að nýta allan þennan liðsstyrk til að stækka hátíðina töluvert á næsta ári. Það verður allt saman tilkynnt nánar á hátíðinni og gestir eiga eftir að sjá veggspjöld með fyrstu tilkynningunum fyrir næsta ár á hátíðinni í ár.“

### Heimilislegar heimsóknir

Hátíðin hefur verið haldin í samstarfi við Gaukinn hingað til og starfsfólkið þar hefur reynst skipuleggjendunum mjög vel. En að mestu leyti sjá þeir um allt sjálfir og fyrir vikið er oft frekar heimilislegur bragur á heimsóknum erlendu sveitanna.

„Við reynum yfirleitt að gera eitthvað skemmtilegt fyrir meðlimi hljómsveitanna sem koma í heimsókn. Nokkrum sinnum hafa hljómsveitarmeðlimir bara gist heima hjá mér og á aðalhátíðinni undanfarin ár hefur vinur okkar, sem er kokkur, eldað í veislu fyrir mannskapinn,“ segir Ingólfur. „Svo bjóðum við alltaf upp á einhverja „túristarúnta“ eins og gullna hringinn, ef það er tími til.“

Vinnan við skipulagið getur verið krefjandi, en Ingólfur segir hana algjörlega þess virði. „Það er svo skemmtilegt að fá að sjá þessi frábæru bönd á litlu sviði, því þá verða tónleikarnir mun persónulegri,“ segir Ingólfur. „Svo er líka mjög gaman að fá að kynnast fólki sem maður hefur í sumum tilvikum litið upp til í fjölmörg ár.

Mér finnst líka sjúklega gaman að sjá hvað tónleikagestirnir og íslensku böndin sem hita upp eru afskaplega ánægð með þetta allt saman,“ segir Ingólfur. „Við erum rosalega ánægðir með það hvað fólk hérlendis virðist vera sátt með þetta framtak, eins og sést á hversu margir mæta yfirleitt hjá okkur og hvað stemningin er alltaf þrusugóð.“

### Skipuleggjendur slá ekki slöku við

Frá því að fyrsta Reykjavík Deathfest-hátíðin fór fram hafa skipuleggjendurnir staðið fyrir straumi erlendra dauðarokkssveita til Íslands. Í heild hafa verið haldnir átta tónleikar og eitt námskeið undir merkjum Reykjavík Deathfest síðustu tvö ár, svo skipuleggjendurnir hafa verið duglegir og gefa ekkert eftir.

„Við hlökkum mikið til að bjóða upp á þessa frábæru tónlistarhátíð í næstu viku. Það er hægt að kaupa miða á Tix.is og þeir kosta ekki nema 8.500 krónur, svo við vonumst til að sjá sem flesta,“ segir Ingólfur. „Við ætlum svo bara að halda þessu áfram og koma með fleiri erlendar öfgarokkssveitir til landsins og halda risastóra hátíð á næsta ári. Það er mikið líf í íslensku dauðarokki núna.“







# Smáauglýsingar

512 5800
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Suzuki fjórgengis utanborðsmótorar Nettir, léttir, sparneytnir, hljóðlátir og áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**SUZUKI**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**suzukisport@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**



Nýr Nissan X-Trail Tekna. 4x4. Sjálfskiptur. Leður. Glerþak. Flottasta typa fáanleg. Litir: Svartur og Hvítur. 800.000 undir listaverði. Á aðeins 5.890.000,-

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

### Bílar til sölu

Toyota Hiace sendibíll til sölu árg.99 ek.217 þús,skoðun 2019,góð nelgd vetradekk fylgja.Vél og vagn í góðu ástandi.Verðhugmynd.300-500 þús. Uppl.s:893-3397

### Hópferðabílar



**RÚTUR TIL SÖLU**
Ýmsar stærðir og gerðir. Verð frá 990.000 kr. Nánari uppl. veitir Óskar í síma: 699-3219

### Vinnuvélar



**NÝ SMÁGRAFA TIL SÖLU**
Carter Smágrafa með Perkins motor 1,8t, 3 skóflur, hraðskiptir á skóflum. Til sýnis að Tunguhálsi 10, Reykjavík Upplýsingar um vél og verð gefur Páll Ingi, Sími 824 2245

### Bátar

VEIÐIPORTIÐ



Pro marine slöngubátar 360 cm - 229.000 kr 420cm - 289.000 kr Besta verðið í bænum ! Nánar um bátana á veidiportid.is Veiðiportið Grandagarði 3 101 Reykjavik 552-9940

## Þjónusta

### Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

### Bókhald

**RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.**
Getum bætt við okkur verkefnum. Alhliða bókhaldsþjónusta. Sanngjörn verð og góð þjónusta. Uppl. í s. 8548080/5168080 eða olafur@retta.is.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Múrarar

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna s:6974650

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, mynddyrasímar. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com










# Keypt & Selt

## Til sölu

HUMARSALAN

Ný veiddur Hornafjarðarhumar og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**

Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar

**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

# Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**

á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

Heimaás

**SMIÐUR / UPPSLÁTTUR**

Heimaás óskar eftir að ráða smiði í uppsláttarvinnu.

-Mæling/einingarverð

-Sveinspróf skilyrði

-Kranapróf kostur

Til greina kemur að ráða mótagengi.

Nánari uppl. í s. 8956820 Guðmundur

heimaas@heimaas.is merkt "atvinna"

Óskum eftir hressu fólki til að vinna á matarvögnum staðsettum í Reykjavík næg vinna í boði Uppl. Kobbi@humarsalan.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.

**Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is**

Bílstjóra með rútupróf vantar í vinnu á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í síma 8942901

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





# Þarftu að ráða?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf. Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.

ráðum ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS


Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Suður – Mjódd, endurauglýsing

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 21. mars 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 22. mars 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Suður Mjóddar. Í breytingunni felst m.a. stækkun á lóðinni við Álfabakka 4, aukning á nýtingu og byggingarmagni ásamt hámarkshæð bygginga hækka og uppfærð á kvöðum um settjörn og legu rafstrengja. Endurauglýsing er í samræmi við breytingu á aðalskipulagi sem birtist einnig í dag. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig sjá á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 **frá 11. maí til og með 22. júní 2018**. Einnig má sjá tillöguna á vefsíðunni, ***www.reykjavik.is***, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 22. júní 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 11. maí 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

# Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
## Stekkjarbakki
### Horfið frá fyrirhugaðri færslu til norðurs

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 15. febrúar 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingartillagan nær til stofnbrautarinnar Stekkjarbakka, sem liggur á milli Reykjanesbrautar og Höfðabakka.

Tillagan gerir ráð fyrir falla frá færslu Stekkjarbakka til norðurs og stofnbrautin verði þar með sýnd í núverandi legu á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulagsins

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 11. maí 2018 til og með 22. júní 2018**. Tillagan er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 3. hæð. Tillöguna má nálgast á ***reykjavik.is*** og ***adalskipulag.is***.

**Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is* skipulag í kynningu, eigi síðar en 22. júní 2018. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar**

# Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030
## Kópavogsgöng
### Stofnbraut og gangamunni í Fossvogsdal felldur út
### Gangamunni og mislæg gatnamót felld út í Suður-Mjódd
### Breytt landnotkun í Suður-Mjódd

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 22. febrúar 2018 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Aðalskipulagstillagan er auglýst samhliða breytingu á deiliskipulagi Suður-Mjóddar.

